

NIÐURSTÖÐUR AÐALFUNDAR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

HALDINN Í HÖFUÐSTÖÐVUM FÉLAGSINS

FIMMTUDAGINN 26. MARS 2026 KL. 15:00

Meðfylgjandi eru niðurstöður fundarins.

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár (dagskrárliðir 1 og 2)

Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar voru samþykkt.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar á reikningsárinu 2025 (dagskrárliður 3)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins sem var samþykkt:

Fundurinn samþykkti að félagið greiði hluthöfum arð vegna reikningsársins 2025 sem nemur 4,22 krónum á hlut. Nemi heildarfjárhæð arðgreiðslunnar 700 milljónum króna sem samsvari um 51,67% af hagnaði ársins. Viðmiðunardagsetning arðgreiðslu verði við lok viðskipta á aðalfundardegi og arðleysisdagur því 27. mars 2026 og arðsréttardagur 30. mars 2026. Lagt er til að útborgunardagur¹ verði þann 29. apríl 2026.

3. Tillaga um endurnýjun heimildar til kaupa á eigin hlutum skv. gr. 11.2 í samþykktum félagsins (dagskrárliður 4)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um að endurnýja heimildina til næstu 18 mánaða.

4. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum skv. endurkaupaáætlun og breytingu á samþykktum félagsins (dagskrárliður 5)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum og breytingu á samþykktum félagsins til samræmis.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 6)

Fundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu stjórnar.

Gildandi starfskjarastefnu félagsins má nálgast á vefsíðu aðalfundar 2026 og fjárfestasíðu félagsins.

6. Kosning stjórnar félagsins (dagskrárliður 7)

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í stjórn félagsins:

Frosti Ólafsson

¹ **Útborgunardagur** er sá dagur sem arður er greiddur út til hluthafa.

Guðrún Blöndal

Margrét Guðmundsdóttir

Ólöf Hildur Pálsdóttir

Óskar Magnússon

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í varastjórn félagsins:

Baldvin Þorsteinsson

Stefán Sigurðsson

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar (dagskrárliður 8)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar, sem verða því sem hér segir:

Stjórnarformaður	kr. 820.000 á mánuði
Varaformaður	kr. 615.000 á mánuði
Meðstjórnendur	kr. 410.000 á mánuði
Varamenn	kr. 144.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 410.000 fyrir hvern mánuð. Þóknun á milli aðalfunda skal að lágmarki nema kr. 410.000

Nefndarmenn í

Endurskoðunarnefnd kr. 144.000 á mánuði

Nefndarmenn í

Starfskjaranefnd kr. 144.000 á mánuði

Nefndarmenn í

Tilnefningarnefnd kr. 144.000 á mánuði

Stjórnarlaun og laun nefndarmanna eru ákveðin fyrirfram fyrir kjörtímabilið.

8. Kosning endurskoðenda (dagskrárliður 9)

PricewaterhouseCoopers ehf., Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, var kjörið endurskoðunarfélag Eimskipafélags Íslands hf. fyrir árið 2026.

9. Tillaga um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd (dagskrárliður 10)

Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.

Stjórn félagsins hittist í kjölfar aðalfundarins og skipti með sér verkum.

Óskar Magnússon var kosinn stjórnarformaður og Margrét Guðmundsdóttir var kosin varaformaður stjórnar.